

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

39. fundur

haldinn að Lyngási, 31. mars 2011

Mættir: Björn Ármann Ólafsson formaður, Ruth Magnúsdóttir, Magnhildur B. Björnsdóttir, Skúli Björn Gunnarsson, Skarphéðinn G. Þórisson og Þórhallur Þorsteinsson. Jafnframt sat fundinn Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður. Gestur fundarins undir lið 2 var Elvar Árne Lund, formaður Skotvís.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar staðfest
2. Erindi frá Skotvís
3. Stækkun Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs
4. Þjóðgarðsvörður segir frá stöðuninni og vorfundi
5. Fundargerð stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs
6. Önnur mál

Formaður stýrði fundi og setti hann kl. 17.05. Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar staðfest

Undirrituð fundargerð 38. fundar sem fundarmenn höfðu farið yfir eftir síðasta fund.

2. Erindi frá Skotvís

Svæðisráði hefur borist erindi frá stjórn Skotveiðifélags Íslands, dagsett 15. mars 2011. Elvar Árne Lund, nýkjörinn formaður Skotvís, fylgdi erindinu úr hlaði og ræddi um hvernig koma mætti á meiri samvinnu milli Skotvís og svæðisráðs austursvæðis þjóðgarðsins til að skapa sátt eftir þá orrahrið sem verið hefur undanfarna mánuði. Svæðisráðsmenn fögnuðu því að fá formann Skotvís á fund svæðisráðs til viðræðna. Rætt var um þróun mála við vinnu að stjórnunar- og verndaráætlun, meint samráðsleysi og harðorðar blaðgreinar. Skarphéðinn sýndi gögn um veiðar á Snæfellsöræfum og rökrætt var um frestun gæsaveiða og fleira sem ágreiningur hefur verið um. Hvað varðaði umrædda stækkun austursvæðis þjóðgarðsins á grundvelli þess sem sett var fram í undirbúningsskýrslu um þjóðgarðinn á sínum tíma kom fram að þau mál væru í höndum sveitarfélags og umhverfisráðuneytis. Umræður snerust þó ekki síst um hvernig vinna mætti að betri umgengni skotveiðimanna, bættu siðferði við veiðar og öflun meiri upplýsinga um veiðar og bráð innan þjóðgarðsins. Töldu fundarmenn að það gæti orðið farsælt fyrir báða aðila að þjóðgarðurinn og Skotvís ynnu saman að þeim málum enda lægi nú fyrir samþykkt stjórnunar- og verndaráætlun sem m.a. þyrfti að kynna vel fyrir veiðimönnum á næstu mánuðum.

Eftir langar og góðar umræður þar sem allir lögðu eitthvað til málanna kvaddi Elvar Árne fundinn með þeim orðum að hann sem stjórnarformaður Skotvís væri reiðubúinn til hverskyns samstarfs og samráðs um veiðimál innan þjóðgarðsins. Formaður þakkaði honum fyrir komuna og sagði svæðisráð einnig reiðubúið til samstarfs við skotveiðimenn eins og komið hefði fram í umræðum fundarins.

3. Stækkun Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

Umræðu frestað til næsta fundar.

4. Þjóðgarðsvörður segir frá stöðunni og vorfundi

Þar sem teygst hafði úr fundinum var því frestað til næsta fundar að þjóðgarðsvörður gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta fundi. Hinsvegar var samþykkt að halda opinn fund um málefni þjóðgarðsins í Snæfellsstofu að kvöldi fimmtudagsins 12. maí. Þjóðgarðsvörður mun senda svæðisráði tillögu að dagskrá og sjá um að auglýsa fundinn.

5. Fundargerð stjórnar Vatnajökulþjóðgarðs

Fundargerðin var send út með fundarboði og lögð fram til kynningar.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.45.

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson
ritaði fundargerð

Þórhallur Þorsteinsson

Ruth Magnúsdóttir

Magnhildur Björnsdóttir

Skarphéðinn G. Þórisson